

# SAG1006 Saga 6

<b>Námskeiðslýsing</b> ▶	<p>Í söguáfanga er veitt yfirsýn yfir meginatburði Íslands- og mannkynssögu frá upplýsingu 18.aldar fram til þúsaldarmóta 2000 auk þess sem fræðigreinin sagnfræði er kynnt og inngangur veittur að fræðilegum vinnubrögðum sagnfræðinga. Yfirferð Íslandssögu byggist upp á meginatburðum þar sem veitt er yfirsýn yfir þróun íslensks samfélags frá lokum 18. aldar fram til samtíma. Íslandssagan er kennd í samhengi við mannkynssöguna þar sem gerð verður grein fyrir stöðu Íslands í samhengi þjóða. Til umfjöllunar eru staða Íslands í konungsveldi Dana, þjóðernisstefna og sjálfstæðisbarátta, nývæðing, atvinnu- og byggðapróun, stjórnkerfi og stjórn mála og tengsl Íslendinga við umheiminn, áhrif heimstyrjaldanna tveggja og kalda stríðsins, efnahagsleg þróun, lífskjör og menntamál. Mannkynssöguhlutinn fjallar um helstu atburði frá áhrifum Upplýsingar fram til þúsaldarmóta þar sem áhersla er lögð á að miðla heildrænni sýn sögulegrar þróunar þess tímabils sem til umfjöllunar er. Helstu viðfangsefni eru áhrif upplýsingar og þróun stjórnarfræðis frá einveldi til lýðræðis, þjóðfélagslegar breytingar í kjölfar iðnbyltingar og stjórn málahugmyndir, stórveldisþróun í Evrópu og heimsvaldastefnan, fyrri og síðari heimsstyrjöldin, rússneska byltingin og heimskreppa millistríðsára, uppgangur fasisma og nasisma, stórveldi Bandaríkjanna og Sovétríkjanna og kalda stríðið á heimsvísu, Evrópusamvinna, borgararéttindapróun og velferðarkerfið, afnám nýlendustefnu og alþjóðasamfélagið að loknu köldu stríði. Söguáfanginn veitir inngang að sagnfræði sem fræðigrein þar sem fjallað er um einkenni hennar og tengsl við aðrar fræðigreinar. Aðferðarfræði og vinnubrögð sagnfræðinga eru kynnt og vinna nemendur verkefni til þjálfunar á þeim vinnubrögðum. Nemendur vinna heimildaritgerð í áfanganum byggða á rannsóknarspurningum þar sem áhersla er lögð á að beita sagnfræðilegum aðferðum við úrvinnslu og mati á heimildum.</p>
<b>Námsmarkmið</b> ▶	<p><b>Eftir námskeiðið eiga nemendur að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• hafa öðlast yfirsýn yfir sögu 19. og 20. aldar og þekkingu á helstu atburðum</li><li>• þekkja sögu og líf fólks í fortíð og nútíð</li><li>• skilja betur þróun heimsmála og þekkja sögulegan bakgrunn atburða í samtímanum</li><li>• geta greint orsakir og afleiðingar helstu atburða og áhrif hugmynda á söguþróun</li><li>• geta séð sögu Ísland í samhengi við sögu Evrópu og heimsins og gert sér grein fyrir stöðu Íslands í samfélagi þjóða</li><li>• hafa skilning þeim sögulegu og samfélagslegu hugtökum sem til umfjöllunar eru</li><li>• þekkja megineinkenni sagnfræði og fræðileg vinnubrögð sagnfræðinga</li><li>• hafa þjálfast í heimildarvinnu og fræðilegri meðferð heimilda</li><li>• hafa þjálfast í því að skrifa heimildaritgerð</li></ul>
<b>Grunnupplýsingar</b> ▶	<p><b>Námskeiðsnúmer:</b> SAG1006 <b>Enskt heiti:</b> History 1</p>

	<b>Einingafjöldi:</b> 6 einingar <b>Lágmarkseinkunn:</b> 5,0 <b>Námsstig:</b> Háskólabrú <b>Kennslumisseri:</b> Vor <b>Kennslufyrirkomulag:</b> Fyrirlestrar og verkefnatímar <b>Kennsluvikur:</b> 15
<b>Umsjón</b> ▶	Stefán Svavarsson
<b>Undanfarar / Forkröfur</b> ▶	Inntökuskilyrði Háskólabrúar
<b>Námsmat</b> ▶	Verkefni gilda 50% af lokaeinkunn Skriflegt lokapróf gildir 50% af einkunn
<b>Bækur</b> ▶	
<b>Annað lesefni</b> ▶	